



Refaveiðar

- veiðimenn óskast á svæði 10, 11 og 12

**Húnavatnshreppur óskar eftir að ráða
veiðimenn til sumarveiða á ref**

Samkvæmt reglum Húnavatnshrepps um refaveiðar er einungis veiðimönnum með samning við sveitarfélagið greitt fyrir refaveiði. Með umsókn skal koma fram ósk um svæði þar sem fyrirhuguð sumarveiði mun fara fram.

Ráðnir veiðimenn sjá sér sjálfir fyrir öllum búnaði til veiðanna og skal hann ekki brjóta í bága við lög og reglugerðir.

Finna má reglur um refaveiði á heimasíðu Húnavatnshrepps ásamt yfirliti yfir viðkomandi veiðisvæði. Sveitarfélagið áskilur sér rétt til að úthluta öðru svæði en óskað var eftir til veiðimanna.

Umsóknarfrestur er til 23. apríl nk.

Umsóknum skal skila á skrifstofu Húnavatnshrepps, Húnavöllum, 541 Blönduós eða á netfangið hunavatnshreppur@hunavatnshreppur.is fyrir lok dags þann 23. apríl 2021.

Umsóknum þarf að fylgja staðfesting á því að veiðikort umsækjanda sé í gildi.

Nánari upplýsingar:

Einar Kristján Jónsson, sveitarstjóri
í síma 455 0010.



Húnavatnshreppur